

**Ed. 205. Frumvarp til laga [186. mál]**

um breyting á lögum nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

2. málslíður 1. málsgreinar 2. gr. laganna orðist svo:

Frádráttur skal þó aldrei vera hærri en 25 000 kr. á ári hjá hverjum manni eða 50 000 kr. hjá hjónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 9 30. mars 1984 skulu fjárhæðir í 2. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því í fjárlögum ársins 1985 að gefin verði upp skattvísitala er nauðsynlegt að breyta fjárhæðum í 2. gr. laga nr. 9/1984 með sérstökum lögum. Að mati Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að laun hækki um 25% á milli árána 1984 og 1985. Er því samkvæmt frumvarpi þessu gerð sú tillaga að fjárhæðir í 25. gr. laga nr. 9/1984 hækki um 25%.